

From: Ásta Sigríður Fjeldsted
Sent: miðvikudagur, 3. júlí 2024 12:46
To: Ólöf Örvarsdóttir [REDACTED]
Subject: Bréf vegna Fjólugötu 7, 101 Reykjavík

Sæl og blessuð Ólöf,

Sjá meðfylgjandi bréf til þín frá sendiherra Slóveníu þar sem hann óskar eftir samþykki Umhverfis- og skipulagssviðs Reykjavíkurborgar að heimila tvö bílastæði („*parking spaces*“) við Fjólugötu 7, þar sem ræðismannaskrifstofa Slóveníu verður staðsett.

Jafnframt er meðfylgjandi uppfærð mynd af fjölda einkabílastæði á Fjólugötu, þar sem Fjólugata 7 er eina húsið í götunni frá Skothúsvegi að Bragagötu sem er ekki með bílastæði. Ástæða þess að við sendum uppfærða mynd er að frá því við sendum síðustu mynd, 5. júní sl. hefur bæst við eitt nýtt bílastæði við Fjölugötu 11A.



Hlökkum til að heyra frá ykkur.

Bestu kveðjur,
Ásta og Bolli, Fjólugötu 7



Hæð á veggjum skoðist nákvæmlega á staðnum

FJÓLUGATA 7			
LÖBARHÖNNUN			
ÞRÍVÍÐ 1			
KVARDI-A3:	1:100	TEIKN NR:	07
DAGS:	febrúar 2024	HANNAÐ:	lrg
FLOKKUR:	00_E	TEIKNAD:	lrg
SKRÁ:	grm	VERKNR:	





REPUBLIC OF SLOVENIA
EMBASSY COPENHAGEN

Amaliegade 6, 2. th
DK-1256 Copenhagen K
Denmark

T: + 45 3373 0120
E: sloembassy.copenhagen@gov.si
W: copenhagen.embassy.si
f t i @SLOinNordics

Department of Development and Planning
Borgartún 12-14.
Att. Director Ólöf Örvarsdóttir
105 Reykjavík

No: VKH-34/24
Datum: 2. 7. 2024

Subject: Permission for car parking at the Consulate of the Republic of Slovenia in Reykjavík

Dear Sir/Madam,

We would like to inform you that the premises of the Consulate of the Republic of Slovenia in Reykjavík, represented by Honorary Consul of the Republic of Slovenia Ásta S. Fjeldsted, are soon to be moved to a new location at Fjólugata 7, 101 Reykjavík.

In accordance with the Vienna Convention on Consular Relations, one of the key functions of a Consulate is providing assistance to Slovenian nationals and legal entities in its consular district, as well as facilitating the establishment of economic contacts and contacts in the fields of culture, science, education and sport.

In order to perform above mentioned functions, the premises of the Consulate are regularly used to accept guests and hold meetings, which is why the accessibility of the Consulate and parking possibilities at the premises of the Consulate are of high importance.

Therefore, the Embassy of the Republic of Slovenia in Copenhagen, as the supervising mission of the Consulate, would kindly ask the Reykjavík Department for Development and Planning to issue a permission to Honorary Consul Fjeldsted to provide parking spaces for guests at the premises of the Consulate at Fjólugata 7, 101 Reykjavík.


Sincerely,


Mihael Zupančič
Ambassador




Uppfærður Viðauki 1: Einkabílastæði á Fjólugötu frá Skothúsvegi að Bragagötu

-  - P merkið þýðir einkabílastæði
-  - Rauðakúlan tiltekur fjölda bílastæða



Viðauki 2: Einkabílastæði á Fjólugötu frá Bragagötu að Njarðargötu



Frá því að síðasta erindi var sent 5. júní sl. hefur bæst við eitt nýtt bílastæði á Fjólugötu, þ.e. við Fjólugötu 11A



Reykjavík, 4.apríl 2024

Fjólugata 7 – Fyrirspurn um tvö bílastæði – USK24030065

Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 21. mars 2024 var lögð fram fyrirspurn Ástu Sigríðar Fjeldsted, dags. 5. mars 2024, um að setja bílastæði á lóð nr. 7 við Fjólugötu, samkvæmt uppdr. Landslags, dags. í febrúar 2024. Fyrirspurninni var vísað til umsagnar verkefnastjóra.



Loftmynd úr Borgarvefsjá



Svæðið er með hverfisverndarákvæði



Tillaga frá Landslag

Skipulag í gildi

Í Aðalskipulagi Reykjavíkur 2040 er lóðin með skilgreinda landnotkun íbúðarbyggð – Þingholt. Umrætt svæði hefur hverfisvernd. Ekki er í gildi deiliskipulag á svæðinu.

Umsögn

Í aðalskipulagi Reykjavíkur er svæðið innan Hringbrautar skilgreint sem sérstakt Hverfisverndarsvæði en þar er markmiðið m.a. að varðveita og styrkja söguleg og fagurfræðileg einkenni byggðar. Þarf því að skoða efni fyrirspurnarinnar út frá byggðamynstri og sérkennum svæðisins en jafnframt hvert fordæmisgildi tillögunar er, með hverfisverndinni gilda skýr ákvæði sem eiga vera leiðbeinandi fyrir alla uppbyggingu í hverfinu.

Í aðalskipulagi Reykjavíkur 2040 er fjallað um undir Hverfisvernd innan Hringbrautar, kemur fram eftirfarandi. „*Ekki skal raska hinu sögulega gatnaskipulagi, skipan byggingarreita og opinna rýma né lóðaskipan. Ef breyta á grunnmynstri byggðarinnar og sögulegu skipulagi skal færa fyrir því sterk rök í tillögu að deili og/eða hverfis skipulagi og gera grein fyrir því hvernig það samræmist markmiðum borgarverndarstefnu og með hvaða hætti ný byggð bætir þá byggð sem fyrir er.*“

Ný stæði á lóðinni krefðist þess að nýjar innkeyrslur yrðu gerðar frá götu, almennt er ekki tekið jákvætt í að gera ný bílastæði á lóð í gróinni byggð þar sem reynt er eftir fremsta megni að koma í veg fyrir að keyrt sé yfir gangstétt til að tryggja umferðaröryggi. Einnig yrði við gerð bílastæðisins að fjarlægja gróður sem er áberandi hluti af götumyndinni og yfirbragð byggðarinnar.

Þónokkur dæmi er um innkeyrslur og bílastæði á lóð eins og fyrirspyrjandi nefnir í bréfi sínu. Í einhverjum tilfellum geta verið um óleyfisframkvæmdir að ræða. Í öðrum tilfellum hafa verið samþykkt bílastæði á lóð. Innkeyrslur af þessum toga eru þó ekki taldar fordæmisgefandi fyrir því að heimila bílastæði með tilheyrandi raski á gangstétt við Fjólugötu.

Niðurstaða

Neikvætt samanber umsögn hér að ofan.

f.h. skipulagsfulltrúa Reykjavíkur

Valný Aðalsteinsdóttir, arkitekt og verkefnastjóri



MINNISBLAÐ

Viðtakandi: Umhverfis- og skipulagsráð Reykjavíkurborgar
Sendandi: Lögfræðideild - Skrifstofa stjórnsýslu og gæða USK

EFNI: Áhrif Vínarsamningsins

Minnisblað þetta kortleggur almenn áhrif Vínarsamningsins, með sérstakri áherslu á friðhelgi og verndun sendiráðssvæðis.

I. Vínarsamningurinn

Vínarsamningurinn frá 18. apríl 1969 (The Vienna Convention)¹, hefur verið lögfestur með lögum nr. 16/1971. Á grundvelli samningsins ber íslenska ríkið (móttökuríki) sérstakar skyldur gagnvart erlendum sendiskrifstofum.

Í 22. gr. samningsins kemur fram sú sérstaka skylda á móttökuríki að gera allar *þær ráðstafanir, sem viðeigandi eru, til að **vernda sendiráðssvæðið fyrir öllum árásum og tjóni og koma í veg fyrir röskun á friði sendiráðsins eða skerðingu á virðingu þess.***

Að auki er kveðið á um í ákvæðinu að sendiráðssvæðið skuli njóta friðhelgi. Samkvæmt 30. gr. samningsins nær sú vernd einnig til einkaheimilis sendierindreka, sem skuli þá njóta sömu friðhelgi og verndar sem sendiráðssvæðið. Að auki nýtur sendierindreki persónulegrar friðhelgi (29. gr.) og friðhelgi að því er varðar refsiréttarlögsögu móttökuríkisins og einkamála- og framkvæmdarvaldslögsögu þess, nema þegar um er að ræða þau tilvik sem talin eru upp í ákvæðinu (31. gr.).

II. Röskun á friði eða skerðing á virðingu

Í athugasemdum með frumvarpi því sem innleiddi Vínarsamninginn kemur fram að samningnum er ætlað að skrásetja reglur þjóðarréttarins um stjórnmalasamband ríkja. Samningurinn hefur að geyma skrásetningu á reglum þjóðarréttarins varðandi friðhelgi og önnur réttindi sendiráða.

Í fororðum samningsins kemur fram að ríki sem eru aðilar að samningnum hafi í huga markmið og meginreglur Sáttmála Sameinuðu Þjóðanna, t.d. varðandi *varðveislu alþjóða friðar og öryggis og eflingu vinsamlegra samskipta þjóða.*

III. Tryggja árangursríkan sendierindisrekstur á vegum ríkja

Samkvæmt fororðum samningsins er skýrt tekið fram að samningnum sé ætlað að tryggja árangursríkan sendierindisrekstur á vegum ríkja, og unnt sé að treysta því að alþjóðlegur samningur um forréttindi og friðhelgi í samskiptum ríkja muni stuðla að aukinni vinsemd í sambúð þjóða.

Skýrt er tekið fram í fororðum samningsins að markmið slíkra forréttinda og friðhelgi sé ekki að vera einstaklingum í hag.

¹ Hlekkur á lög nr. 16/1971 <https://www.althingi.is/lagas/154b/1971016.html>



IV. Friðhelgi

Með friðhelgi er almennt átt við vernd gegn aðför og skemmdum á sendiráðssvæði, og öðrum athöfnum sem skert geta virðingu eða raskað samskiptum ríkjanna. Hér undir falla t.d. ógnir og árásir, eða athafnir sem beinast sérstaklega að virðingu og stöðu ríkis. Þá er með samningnum lögð sérstök skylda á móttökuríki að bregðast við sé þessum markmiðum ógnað.

Markmið með því friðhelgi sem veitt er persónu sendierindreka og heimili (29. og 30. gr. samningsins) er sambærilegt því sem lýst er hér að ofan. Í ákvæðinu kemur sérstaklega fram að móttökuríkið skuli sýna erindrekanum tilhlýðilega virðingu og gera allar þær ráðstafanir sem nauðsynlegar eru til þess að koma í veg fyrir hvers konar tilræði við persónu hans, frelsi eða sæmd.

Friðhelgi refsiréttarlögsögu og einkamála- og framkvæmdarvaldslögsögu, sem veitt er sendierindreka með 31. gr. samningsins, er einkum vegna starfa erindrekans. Þannig falla þar utan einkamál eigin fasteignar, nema erindreki hafi vörslu fasteignarinnar á vegum sendiríkisins til nota fyrir sendiráðið. Eins eru viðskipti óviðkomandi opinberum störfum erindrekans undanþegin, sem og erfðamál þar sem erindreki er ekki fulltrúi sendiríkis.

V. Sendierindreki

Sendierindrekar eru forstöðumenn sendiráðs og stjórnarsendimenn, skv. skilgreiningum í 2. gr. Vínarsamningsins. Það friðhelgi sem veitt er með Vínarsamningnum er einungis veitt til sendierindreka, en ekki til annars starfsfólks sendiríkis.

Samkvæmt orðskýringum á heimasíðu stjórnarráðsins er greinarmunur gerður á diplómata (sendierindreki) og ræðismanni. Ræðismenn (konsúlar) greinast svo aftur í tvo aðalflokka: sendiræðismenn og kjörræðismenn (ólaunaða ræðismenn). Að auki er gerður greinarmunur á sendiráðsstörfum (functions of diplomatic missions) annars vegar og ræðisstörfum (consular functions) hins vegar, sbr. heimasíða stjórnarráðsins.²

VI. Niðurstaða

Fyrir liggur að markmið Vínarsamningsins er að skapa ákveðið traust og virðingu, tryggja öryggi og frið og þannig skapa góðan jarðveg og þar með ýta undir farsælt samstarf milli ríkja. Þannig er tryggt að ekki sé vegið að friðhelgi sendiráðssvæða eða bústaði annarra ríkja, þrátt fyrir t.d. ólíkan menningarheim. Fyrir liggur að samningnum var ætlað að nota meginreglur Sáttmála Sameinuðu Þjóðanna sem leiðarljós í samskiptum og samvinnu ríkjanna.

Fyrir liggur að þó tiltekið friðhelgi sé veitt persónu sendierindreka með Vínarsamningnum, þá er því fyrst og fremst ætlað að tryggja ofangreint markmið.

Ofangreint friðhelgi á einungis við um sendierindreka. Þannig kemur skýrt fram í samningnum að ekki skuli að öðru leiti veita friðhelgi eða slík forréttindi einstaklingum í hag.

² Heimasíða stjórnarráðsins :

<https://www.stjornarradid.is/raduneyti/utanrikisraduneytid/hlutverk/ordskyringar/>



Því er ljóst að Vínarsamningnum var ekki ætlað að tryggja ákveðin réttindi eða forgang umfram landslög, t.d. umfram þau lög og skipulagsskilmála sem gilda í þéttbýli og um íbúa og gesti þar.

Virðingarfyllst,

*Umhverfis- og skipulagssvið
Skrifstofa stjórnsýslu og gæða – lögfræðideild*